



19. desember 2017
1712046

Nefndasvið Alþingis
nefnasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Með tölvupósti dags. 12. desember 2017 óskaði fjárlaganefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um fjárlög 2018, 1. mál.


Seðlabanki Íslands tekur ekki afstöðu til einstakra greina frumvarpsins heldur horfir fyrst og fremst til þess aðhaldsstigs í ríkisfjármálum sem felst í frumvarpinu en það er mælt með breytingu á frumjöfnuði sem leiðréttur hefur verið fyrir hagsveiflunni.


Í *Peningamála* 2017/4 sem gefin voru út 15. nóvember sl. lagði Seðlabankinn síðast mat á aðhaldsstig ríkisfjármála undanfarin ár og horfur á næstu árum. Það mat miðaðist við fjárlagafrumvarp fyrir árið 2018 sem lagt var fram 12. september sl. Samkvæmt mati bankans var talið að aðhald ríkisfjármála myndi minnka um 1,5% af vergri landsframleiðslu í ár, sem felur í sér töluverða slökun. Er það þriðja árið í röð sem aðhald ríkisfjármála slaknar og samtals nemur slökunin 2,9% af landsframleiðslu árin 2015 til 2017. Niðurstaða bankans í nóvember var að hluti af slökuninni í ár yrði tekinn til baka á næsta ári og að viðbótar aðhald yrði á árunum þar á eftir. Þannig myndi aðhald ríkisfjármála aukast um 1,3% af landsframleiðslu árið 2018 og um 0,5% til viðbótar á hvoru áruna 2019 og 2020.

Samkvæmt nýjum þjóðhagsreikningum eru horfur á að samneysla og fjárfesting hins opinbera vaxi nokkru meira í ár en gert var ráð fyrir í grunnspá *Peningamála* 2017/4. Þótt þar séu sveitarfélög meðtalin gæti þetta ásamt horfum á meiri hagvexti verið vísending um að slökun í ríkisfjármálum yrði meiri á þessu ári en gert var ráð fyrir í nóvember.

Á grundvelli fjárlagafrumvarpsins sem nú er til meðferðar er áætlað að aðhaldið á næsta ári verði um ½% af landsframleiðslu minna en gert var ráð fyrir í grunnspá *Peningamála* 2017/4 og að á árunum 2019 og 2020 verði um ½% og ¾% slökun á aðhaldsstiginu frá þeirri grunnspá. Aðhald eykst því töluvert minna á árinu 2018 en gert var ráð fyrir í nóvember, eða um ¾% af landsframleiðslu, og frekara aðhald verður ekki á árunum þar á eftir.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Már Guðmundsson
seðlabankastjóri


Rannveig Sigurðardóttir
staðgengill aðaláhagfræðings

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 101 REYKJAVÍK

SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605